

sekt til ríkissjóðs, er afplánist með fangelsi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 38. gr., 4. mgr., laga nr. 68/1956 og 15. gr. laga nr. 58/1931 ber að gera fyrrgreindan smyglvarning ákærða, 240.000 vindlinga, upptækan til ríkissjóðs.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Hallbjörnsson, sæti fangelsi í 30 daga og greiði enn fremur kr. 70.000.00 í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með fangelsi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindur smyglvarningur, 240.000 vindlingar, er upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 144/1968. Ákæruvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jóni Ríkharði Kárasyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærða er gefið að sök að hafa með áhrifum áfengis gert tilraun til að aka bifreiðinni A 1987 aðfaranótt þriðjudagsins 10. október 1967, er lögreglumenn komu að honum, þar sem

hann sat undir stýri hennar og vél hennar var í gangi, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Gangsetning bifreiðarinnar verður að teljast þáttur í akstri hennar.

Varðar brot ákærða við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir, en er brot það var framið, sem mál þetta er af risið, voru í gildi umferðarlög nr. 26/1958. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ríkharður Kárasyn, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er ævilangt sviptur ökuréttindum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar hætaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. maí 1968.

Ár 1968, föstudaginn 24. maí, var sakadómur Akureyrar settur í skrifstofu embættisins af Boga Nílssyni fulltrúa og haldinn með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Sakadómsmálið nr. 885/1967. Ákæruvaldið gegn Jóni Ríkharði Kárasyni.

Var í málinu uppkveðinn svofelldur dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí s.l., er höfðað samkvæmt akæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 16. janúar 1968, á hendur Jóni Ríkharði Kárasyni sjómanni, Hlíðarhaga, Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, „fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudags-

ins 10. október 1967 undir áhrifum áfengis reynt að aka bifreiðinni A 1987 frá bifreiðastæði við Geislagötu á Akureyri með því að setjast undir stýri bifreiðarinnar og gangsetja vél hennar, en ákærði var svo hindraður í ætlan sinni af lögreglu, sem bar þar að.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þriðjudagsins 10. október 1967, kl. 0120, komu lögreglumenn með ákærða á lögregluvarðstofuna á Akureyri. Höfðu þeir handtekið hann, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar A 1987 á bifreiðastæði við hús nr. 1 í Túngötu og hafði vél bifreiðarinnar verið gangsett. Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis, en neitaði að hafa ætlað að aka bifreiðinni.

Við yfirheyrslu á lögregluvarðstofunni kvaðst ákærði hafa verið nýbúinn að gangsetja vél bifreiðarinnar, þegar lögreglumenn komu að. Kvaðst ákærði hafa ætlað að hita vél bifreiðarinnar til þess að blanda á hana frostvökva, en neitaði að hafa haft í hyggju að aka bifreiðinni. Ákærði kvaðst finna til áhrifa áfengis.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólákvörðunar, er reyndist innihalda reducerandi efni svarandi til 1.97% alkóhóls.

Tveir lögreglumenn, sem unnu að handtöku ákærða, hafa komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu.

Vitnið Páll Rist lögreglumaður kvaðst hafa verið í eftirlitsferð í lögreglubifreið greint sinn ásamt þrem lögreglumönnum. Er þeir óku um Geislagötu, veittu þeir athygli bifreiðinni A 1987, sem stóð á bifreiðastæði norðan við ferðaskrifstofu Jóns Egils. Sáu lögreglumennirnir, að ákærði sat undir stýri hennar, og fóru lögreglumennirnir Matthías Einarsson og Þorsteinn Hallfreðsson úr lögreglubifreiðinni til þess að hafa tal af honum. Komu þeir skömmu síðar í lögreglubifreiðina með hann. Vitnið kvað ákærða hafa verið undir greinilegum áfengisáhrifum.

Vitnið sagði, að ljós hefðu verið kveikt á bifreið ákærða, en vissi ekki, hvort vél hennar var í gangi.

Vitnið kvað ákærða ekki hafa sézt aka bifreiðinni.

Vitnið Matthías Einarsson lögreglumaður kvað bifreið ákærða hafa verið með ljósum og vél hennar í gangi, er það kom að

henni. Undir stýri sat ákærði og var undir greinilegum áfengis-áhrifum.

Vitnið kvað ákærða hafa neitað að hafa haft í hyggju að aka bifreiðinni. Hafi ákærði í fyrstu sagzt ætla að hita sér, en síðan, að hann væri að athuga með frostlöginn á vél bifreiðarinnar.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða hreyfa bifreiðina.

Fyrir dómi þann 28. desember 1967 skýrði ákærði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 2200 kvöldið fyrir handtökuna og þá fengið mann til að aka bifreiðinni fyrir sig um bæinn. Undir eitt um nóttina hafi bifreiðinni verið lagt á stæðið við Túngötu 1. Ákærði kvaðst þá hafa gengið niður á Bifreiðastöð Oddeyrar og keypt einn brúsa af frostlegi til þess að setja á vél bifreiðarinnar. Að því loknu kvaðst ákærði hafa farið inn í Strandgötu 9, þar sem móðir hans býr og ákærði hélt til um þær mundir. Eftir að hafa stanzað nokkra stund hjá móður sinni, kvaðst ákærði hafa haldið að bifreið sinni með frostlöginn og ætlað að setja hann á vél hennar. Ákærði kvað nauðsynlegt að hafa vél bifreiðarinnar í gangi, þegar frostlögur er settur á, til þess að vökvinn samlagist vatninu, sem fyrir er á vélinni. Því hefði hann farið inn í bifreiðina og sett vél hennar í gang. Skömmu síðar kom lögreglan að og handtók hann. Ákærði kvaðst þá ekki hafa verið byrjaður að setja frostlöginn á vél bifreiðarinnar.

Ákærði neitaði eindregið að hafa ætlað að aka bifreiðinni um-rætt sinn.

Fyrir dómi þann 16. maí s.l. hélt ákærði fast við fyrri fram-burð sinn. Kvaðst hann hafa gangsett bifreið sína bæði til þess að hita hana og til þess að fá ljós frá henni við verkið. Bifreiðin hafi verið straumlítill og því nauðsyn á að gangsetja vél hennar. Með því að kveikja ljós bifreiðarinnar hafi hann fengið endur-skin af húsi því, sem stóð beint fyrir framan bifreiðina.

Í máli þessu er í ljós leitt, að ákærði sat undir stýri bifreiðar sinnar, hafði gangsett vél hennar og tendrað ljós, þegar lögreglu-menn bar að. Ákærði var þá undir áhrifum áfengis. Ekki sást ákærði hreyfa bifreið sína.

Gangsetning bifreiðar er undanfari aksturs, og venjulega er bifreið gangsett í akstursaugnamiði. Þessi háttsemi ákærða skapar því líkur fyrir aksturstillgangi. Með því að ákærði hafði jafnframt tendrað ljós bifreiðarinnar, þegar lögreglumennina bar að, styrkj-ast þær líkur.

Ákærði hefur hins vegar eindregið neitað því að hafa haft í

hyggju að aka bifreið sinni umrætt sinn, heldur hafi hann gangsett bifreiðina til þess að hita vél hennar og hella frostvökva á kælikerfi hennar. Ljós bifreiðarinnar hafi hann kveikt til þess að sjá til við verkið.

Hita verður vél bifreiðar fyrir eða eftir að frostlögur hefur verið settur á kælikerfi hennar, ef hann á að hafa tilætlaðan árangur þá þegar. Hringrás verður að myndast í kælikerfinu, og gerist það fyrst, eftir að vélin hefur verið hituð að ákveðnu marki. Bifreiðaeigendum hefur verið bent á þessa staðreynd bæði í blöðum og Útvarpi og verður því að teljast almenningi kunnug.

Umrætt sinn var miðnótt á miðjum vetri og því aldimmt úti.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir eigi nægilega sannað, að ákærði hafi umrætt sinn gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali.

Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ríkharður Kárasón, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 7. október 1968.

Nr. 198/1967. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

David Atkinson

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jakob R. Möller, fulltrúi bæjarfógetans á Seyðisfirði, og samdómsmennirnir Þorgeir Jónsson skipstjóri og Baldur